

Fylgiskjal nr. 3

**Sveinssafn og Krýsuvíkurkirkja. - Greinargerð Jónatans Garðarssonar,
formanns Vinafélags Krýsuvíkurkirkju, 19.2. 2013**

Árið 1997 sameinaðist hópur áhugafólks um Krýsuvíkurkirkju um að hvetja Þjóðminjasafn Íslands og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði um að lagfæra kirkjuna og nánasta umhverfi, en á þessum tíma var kirkjan í afar slæmu ásigkomulagi. Erlendur Sveinsson og braður hans voru helstu hvatamenn í þessu máli enda tengdist kirkjan og kirkjugarðurinn minningu föður þeirra Sveins Björnssonar sem var jarðsettur þar. Málið fékk góðan framgang, kirkjan var gerð upp, þar var boðið upp á fróðleik og gönguferðir, og það sem mestu máli skipti var að reglulegt helgihald hófst þar að vori og hausti. Sveinssafn í Krýsuvík var mikilvægur hlekkur í þessari keðju þar sem jafnan var boðið upp á messukaffi í Sveinssafni að þessum athöfnum loknum, auk þess sem synir Sveins sáu til þess að kirkjan var þrifin, þar var jafnan gestabók og gerðu kirkjunni sitthvað fleira til góða. Þegar kirkjan var 150 ára vorið stóðu þeir bræður og Sveinssafn að því ásamt söknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, séra Gunnþór Ingasyni, séra Gunnari Kristjánssyni prófasti Kjalarsnessprófastsdæmis og fleiri velunnurum kirkjunnar að haldið var veglega upp á þetta merka afmæli. Athöfnin vakti mikla athygli og fjölmenni sótti afmælismessuna sem haldin var í kirkjunni og megnið af fólkini sat úti á hlaði og hlustaði á það sem fram fór í gegnum hátalarakerfi. Síðan var öllum viðstöddum boðið til veglegrar veislu í Sveinssafni.

Þegar Krýsuvíkurkirkja brann á nýársdag 2010 efndu félagar úr áðurnefndum hópi til stofnunar um byggingu nýrrar kirkju í Krýsuvík. Enn á ný komu synir Sveins Björnssonar og Sveinssafn inn í myndina og það er næsta víst að tilvist safnsins og tengslin við sögu Krýsuvíkurkirkju styrkti þá sem stóðu að stofnun vinafélagsins í trúnni á að þetta verkefni væri þess virði að leggja út í það. Vinafelagið hefur haldið í heiðri þá hefð að halda helgistund í Krýsuvík í sumarbyrjun eins og áður, þó þar sé ekki nein kirkja enn sem komið er. Kirkjubyggingin gengur mjög vel og vonir standa til að kirkjan verði komin á sinn stað innan eins til tveggja ára. Þegar boðið hefur verið til helgistundar við kirkjugrunn Krýsuvíkurkirkju hefur oft verið kalt í veðri og afar notalegt að vita til þess að rjúkandi heitt kirkjukaffi og meðlæti bíður í Sveinssafni og þangað er öllum boðið sem sækja þessar helgistundir.

Það er álit mitt að það verði nýrri Krýsuvíkurkirkju og öllu starfi sem henni tengist í náinni framtíð mikilvægt að eiga hauk í horni eins og Sveinssafn hefur verið og mun án nokkurs vafa verða áfram. Sem formaður Vinafélags Krýsuvíkurkirkju hef ég átt mjög gott samstarf við syni Sveins Björnssonar og það er einlæg trú míni að ef Sveinssafns hefði ekki notið við hefði verið mun erfðara að sjá Krýsuvíkurkirkju fyrir sér sem lifandi helgidóm og griðarstað í framtíðinni, eins og kirkjan hefur verið um aldir.

